

Alþingi
Erindi nr. P 135/1799
komudagur 13.3.2008

U S T

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Island

t: (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 10. mars 2008

Tilvísun: UST20080200115/tb

Efni: Tillaga til þingsályktunar um Loftslagsráð, 62. mál.


Vísað er í bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 14. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um Loftslagsráð, 62. mál. Tillagan er að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að setja á fót Loftslagsráð sem hafi margþætt verkefni svo sem að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra efna sem haft geta skaðleg áhrif á andrúmsloft og loftslagsþróun, að meta líkleg áhrif loftslagsbreytinga á þjóðarhag og þjóðaröryggi, að vera til ráðgjafar um rannsóknþörf og viðbrögð á sviðum sem mestu varða, m.a. um mannvirkjagerð, skipulag byggðar, samgöngur, atvinnuhætti og þróun lífríkis, að miðla fræðslu og rækja alþjóðatengsl sem orðið geti viðfangsefnum ráðsins til framdráttar og að beina að eigin frumkvæði tilmælum til opinberra aðila og annarra eftir því sem tilefni þykja til. Gert er ráð fyrir að í Loftslagsráði eigi sæti, samkvæmt tilnefningu, fulltrúar þingflokka á Alþingi, Sambands íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyta, opinberra stofnana, samtaka á vinnumarkaði og umhverfisverndar- og neytendasamtaka. Umhverfisráðherra skipi formann ráðsins og veiti því nauðsynlega aðstöðu og að kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Eigi sjaldnar en annað hvert ár skili Loftslagsráð skýrslu um störf sín sem verði kynnt Alþingi. Skipan og starfshættir Loftslagsráðs skulu endurmetin ekki síðar en að fimm árum liðnum.

Að mati Umhverfisstofnunar er sú vinna sem Loftslagsráði er ætlað að vinna mjög mikilvæg og áriðandi að ríkisvaldið hafi forystu um að koma þeim í framkvæmd. Sérstaklega er mikilvægt að samþætta þátttöku ólíkra geira þjóðfélagsins í aðgerðum sem stuðla að því með einum eða öðrum hætti að bregðast við breytingum í umhverfinu sem verða vegna loftslagsbreytinga. Eins og tillagan er sett fram er ljóst að mörg þau verkefni sem þar eru nefnd heyra nú þegar undir ýmsar stofnanir svo sem Umhverfisstofnun og að full ástæða er til að efla starfsemi á þessu sviði. Samkvæmt tillögunni virðist Loftslagsráð fyrst og fremst eiga að vera ráðgefandi en þó geta komið með tilmæli til opinberra stofnana og annarra eftir því sem tilefni þykir til. Það er þó dálítið óljóst hvaða stöðu ráðið á að hafa í stjórnkerfinu. Umhverfisstofnun telur að það geti verið mjög jákvætt að koma á samráðsvettvangi til að samþætta aðgerðir og til að meta raunverulegt gildi ýmissa aðgerða og rannsókna.



Að mati stofnunarinnar er þó mikilvægt sem fyrsta skref að greina þá vinnu sem er nú í gangi og meta hvar þörf er á að bæta í og ná fram meiri samvinnu.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri


Trausti Baldursson